

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. júlí 2022
UST202206-136/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsáætlun - Vindorkugarður að Brekku - Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Zephyr Iceland ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar að reisa 50 MW vindorkuver að Brekku í Hvalfjarðarsveit á um 300 ha svæði. Fyrirhugað er að reisa 8-12 vindmyllur á Brekkukambi, í um 647 m y.s.

Mat á umhverfisáhrifum

Þeir umhverfisþættir sem talið er líklegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á og verða til umfjöllunar í umhverfismati eru vistgerðir og gróður, fuglalíf, dýralíf, jarðminjar, vatnafar og vatnsvernd, verndarsvæði, landslag, ásýnd, skuggaflökt og myrkgæði, hljóðvist, ferðaþjónusta og útivist, nærsamfélag og byggð og menningarminjar.

Þeir valkostir sem skoðaðir verða varða fjölda, tegund og uppröðun vindmylla á fyrirhuguðu svæði. Gerð verður grein fyrir aðalvalkosti og fjallað um rök fyrir staðsetningu vindmylla á þessum tiltekna stað og því frummati á valkostum sem þegar hefur farið fram. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að gerð sé grein fyrir valkostagreiningu í umhverfismatsskýrslu, einnig þeirri sem þegar hefur farið fram.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda matsáætlun og telur að í henni séu tilgreindir þeir þættir sem helst munu hafa áhrif vegna framkvæmdarinnar. Þó telur stofnunin vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð umhverfismatsskýrslu umfram það sem kemur fram í matsáætlun.

Landslag og ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi. Vindmyllurnar verða líklegast sýnilegar á stóru svæði líkt og sýnt er á mynd 4.8. Í ljósi þessa telur stofnunin mikilvægt að ítarlega sé gerð grein fyrir áhrifunum í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar í umhverfismati framkvæmdar eins og fyrirhugað er í matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að til að gera gleggri grein fyrir stærð og umfangi vindmyllnanna sé einnig jákvætt að sýna myndir í matsskýrslu af mannvirkjunum þar sem þau eru borin

saman við þekkt mannvirki. Myndir af Hallgrímskirkjuturni hafa oft verið notaðar í slíkan samanburð.

Óbyggð víðerni

Í matsáætlun kemur fram að sá framkvæmdaþáttu sem muni helst hafa áhrif á óbyggð víðerni sé ásýnd vindmyllanna til svæðanna. Svæðin eru innan þeirrar fjarlægðar frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þar sem áætlað er að lagt verði mat á áhrif á landslag og ásýnd vegna framkvæmdarinnar. Vegna þess skarast óbyggð víðerni við það athugunarsvæði sem lagt verður mat á vegna landslags og ásýndar lands. Mögulega þyrfti að endurskoða áhrifasvæði vegna ásýndar lands þegar endanleg gerð vindmylla hefur verið ákvörðuð. Þá verður gerð grein fyrir áhrifum á óbyggð víðerni innan þess athugunarsvæðis við mat á áhrifum á ásýnd í umhverfismatsskýrslu. Það er því mat framkvæmdaraðila að óþarft sé að leggja mat á áhrif á óbyggð víðerni sérstaklega í umhverfismatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 3.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“ Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Á Íslandi er að finna stóran hluta allra óbyggðra víðerna í Evrópu og því er mikilvægt að stuðlað sé að verndun þeirra. Umhverfisstofnun bendir á unnin hefur verið skýrsla sem ber heitið Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu sem kom út í október árið 2021.¹ Þar sem vindmyllurnar verða líklega sýnilegar og þ.a.l. ráðandi í landslagi á svæðum sem gætu flokkast undir óbyggð víðerni telur Umhverfisstofnun að í umhverfismatsskýrslu ætti að fjalla sérstaklega um áhrif framkvæmdar á upplifunargildi óbyggðra víðerna á áhrifasvæði framkvæmdar.

Votlendi

Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu sé votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

¹ [ostmanetal2021_wildernessiceland.pdf \(hi.is\)](#)

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfi eða jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að í umhverfismati komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, ef framkvæmdin veldur slíkri röskun.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Vegir

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð skipulags fyrir framkvæmdasvæði er varðar vegagerð skal það vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Í 3. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

Vinnubúðir

Fram kemur í matsáætlun að gerð verði grein fyrir starfsmannafjölda og helstu tækjum sem notuð verða í umhverfismatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að gera skuli einnig greina fyrir vinnubúðum. Mikilvægt er að fráveitumál samræmist reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Olíumengun

Í matsáætlun segir að ekki sé gert ráð fyrir geymslu á olíu á framkvæmdarsvæðinu og við notkun vinnuvéla og þungaflutninga verði fyllstu varúðar gætt til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á grunnvatn. Umhverfisstofnun bendir á gera þurfi grein fyrir í hvað olía verði notuð og hvort það verði aðeins á framkvæmdartíma eða einnig á rekstrartíma. Stofnunin bendir á að geymsla og meðhöndlun olíu skal samræmast reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Tengingar við flutningskerfið

Umhverfistofnun telur að gera skuli grein fyrir háspennulínunum sem reisa verði vegna vindorkugarðsins ef í ljós kemur að jarðstrengur að næsta tengivirki henti ekki rekstrarforsendum Landsnets. Umhverfisstofnun telur að í stað þess að staðsetja vindorkugarða á svæðum þar sem innviðir eru ekki til staðar og nauðsynlegt verður að leggja nýjar háspennulínur sem eru ekki sérlega vinsæl mannvirki um þessar mundir eigi frekar að staðsetja vindmyllur á núverandi orkuvinnslusvæðum þar sem allir innviðir til flutnings raforku og vegir eru til staðar og landi hefur þegar verið raskað.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur